

TILKYNNING UM GRUN Á EINELTI

Eyðublað er hægt að nálgast [hér](#) og á skrifstofum skólans.

Í Kársnesskóla er einelti ekki liðið. Leitað er leiða til að fyrirbyggja einelti og að uppræta slíka hegðun. Skólastarfið mótast af Uppeldi til ábyrgðar með virðingu, ánægju, ábyrgð og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á að starfsfólk og nemendur geti sett sig í spor annarra og sýni samhygð og umburðarlyndi gagnvart öðrum.

Verði foreldrar eða starfsmenn varir við einkenni sem benda til þess að barni líður illa er mikilvægt að kanna málið. Hafi nemandi, foreldri eða starfsmaður grun eða vitneskju um ofbeldi meðal nemenda, líkamlegt eða andlegt, ber að tilkynna það til skólans. Foreldrar og starfsmenn skólans þurfa að hvetja nemendur til segja frá einelti.

Hver sá sem hefur grun um einelti og/eða samskiptavanda getur tilkynnt það til eineltisráðs eða komið upplýsingum til kennara eða annars starfsmanns sem tilkynnir um málið til ráðsins.

Einelti má aldrei láta afskiptalaust!

Eineltisráð

Í eineltisráði sitja deildarstjórar og námsráðgjafi: Ásthildur G. Guðlaugsdóttir námsráðgjafi, Dagmar Kjartansdóttir deildarstjóri yngsta stigs, Elísabet Gunnarsdóttir deildarstjóri miðstigs og Sigrún Valdimarsdóttir deildarstjóri elsta stigs og aðstoðarskólastjóri.

Eineltisráð fundar aðra hvora viku, oftast ef þurfa þykir. Ritari ráðsins hverju sinni skráir fundargerð og sendir starfsfólki úrdrátt úr fundargerð eftir hvern fund.

Hlutverk ráðsins:

- Fer yfir tilkynningar um grun um einelti og fylgir eftir áætlun um úrlausn og eftirfylgni í samvinnu við foreldra og starfsmenn skólans.

- Stendur fyrir forvarnarstarfi og fræðslu fyrir nemendur og starfsfólk.
- Vinnur með niðurstöður árlegrar eineltiskönnunar og kynnir niðurstöður nemendum, starfsfólki og foreldrum.
- Styður við úrbótavinnu ef niðurstöður kalla eftir henni.
- Uppfærir eineltisáætlun skólans og kynnir fyrir starfsfólki og foreldrum Kársnesskóla.

Skilgreining á einelti

Einelti er endurtekið ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, þar sem einn eða fleiri níðast á einum aðila. Einelti felur í sér misbeitingu á valdi með þeim afleiðingum að þolanda líður illa og hann finnur til varnarleysis. Einstök átök, ágreiningur og stríðni milli jafningja telst ekki til eineltis.

Einelti á sér margar birtingarmyndir

- Líkamlegt t.d. barsmíðar, spörk eða hrindingar.
- Munnlegt t.d. uppnefni, niðrandi athugasemdir og stríðni. Stundum er hvíslast á, flissað og hlegið en þolandi veit ekki hvað er sagt.
- Félagslegt t.d. baktal, útskúfun eða útilokun úr félagahópi. Sem dæmi er þolanda ekki boðið í afmæli og/eða hann þarf að þola svipbrigði, augnagotur, þögn og afskiptaleysi.
- Efnislegt t.d. þegar eigum þolanda er stolið eða þær eyðilagðar.
- Andlegt t.d. þegar þolandi er þvingaður til að gera eitthvað sem stríðir gegn réttlætiskennd hans og sjálfsvirðingu. Honum er skipað í þjónustuhlutverk og getur verið látinn eyðileggja eigur annarra eða skólans.
- Rafrænt t.d. skilaboð á samfélagsmiðlum og myndasendingar. Skilaboðin geta verið send þolanda eða verið um þolanda og send á aðra.

Ferli – grunur um einelti

Hvert mál er einstakt og því er áætlun skólans og verkferlar breytilegir eftir hverju máli. Við lausn eineltismála notum við m.a. einstaklingsviðtöl, foreldraviðtöl, könnun á líðan nemenda,

tengslakönnun, bekkjarfundi og samstarf við heimilin. Við vinnslu mála er mikilvægt að upplýsa alla sem að því koma um eðli þess og framgang. Markmiðið er að eineltið hætti.

1. Viðkomandi deildarstjóra og námsráðgjafi fer yfir tilkynningu og byrjar ferlið.
2. Samband er haft við foreldra þolanda og geranda/gerenda og upplýst um tilkynningu og hvernig málið verður unnið.
3. Könnunarferli: viðtöl við þolanda og geranda/gerendur, upplýsinga aflað hjá kennurum, öðru starfsfólki og nemendum. Könnunarferli tekur hámark viku.
4. Úrvinnsluferli: Eineltisráðteymið vinnur úr könnunarferlinu og ákvarðar framhaldið út frá niðurstöðum. Ef niðurstöður benda til eineltis tekur við ákveðið ferli sem stendur yfir að hámarki í fjórar vikur:

- a) Deildarstjóri og námsráðgjafi ræða við foreldra geranda og þolanda á fundi.
- b) Starfsmenn sem vinna með nemendurna eru upplýstir um málið og sagt frá óaskilegri hegðun sem ber að stöðva, komi hún upp.
- c) Deildarstjóri og námsráðgjafi ræða við þolanda og geranda/gerendur og gera grein fyrir stöðu máls og þeim markmiðum sem stefnt er að: að eineltið hætti. Þeir ræða reglulega við alla aðila næstu þrjár vikurnar og fylgjast með framvindu mála.
- d) Þolanda og geranda er boðið upp á sjálfsstyrkingarviðtöl hjá námsráðgjafa eða deildarstjóra eftir þörfum.
- e) Eineltisteymi metur umfang hvers máls fyrir sig og hvort þörf sé á að:
 - Upplýsa bekkjarfélaga og foreldra þeirra.
 - Fara í vinnu með bekkum um bætt samskipti.
 - Vinna með bættan skólabrag í árgangi og/eða á skólastigi.

5. Eftirfylgni:

- a) Deildarstjóri eða námsráðgjafi hittir þolanda og geranda um 4 vikum eftir tilkynningu og fylgir árangri eftir.
- b) Deildarstjóri eða námsráðgjafi ræðir við foreldra málsaðila.
- c) Eineltisráð fer yfir stöðu mála og metur árangur. Ef markmið hefur náðst er málinu lokað og tilkynning þess efnis send á alla sem að málinu komu.

- d) Ef ekki finnst viðunandi lausn á málinu geta foreldrar og/eða stjórnendur óskað eftir aðkomu utan skólans s.s. fagráðs eineltismála

<http://www.gegneinelti.is/info?page=committee;part=about>

Hugsanlegar vísbendingar um að barn sé lagt í einelti

Tilfinningalegar

- Breytingar á skapi.
- Depurð, þunglyndiseinkenni, sjálfsvígshugsanir.
- Lítið sjálfstraust, hræðsla og kvíði.
- Tíður grátur, viðkvæmni.
- Svefntruflanir, martraðir.
- Breyttar matarvenjur s.s. lystarleysi eða ofát.

Líkamlegar

- Höfuðverkur, magaverkur, sérstaklega að morgni.
- Kvíðaeinkenni s.s. nagaðar neglur, stam, kækir.
- Áverkar s.s. skrámur og marblettir sem barnið getur ekki útskýrt (rifin föt og/eða skemmdar eigur).
- Óróleiki, leiði eða kvíðaeinkenni á sunnudagskvöldum eða á síðasta degi í skólaleyfi.

Félagslegar

- Barnið virðist einangrað og einmana.
- Barnið fer ekki í heimsóknir og fær ekki heimsóknir.
- Barnið á fáa eða enga vini og vill ekki taka þátt í félagsstörfum.

Hegðun

- Óútskýranleg skapofsaköst og/eða grátköst.
- Barnið neitar að segja frá hvað amar að því.
- Árásargirni og erfið hegðun.

Í skóla

- Mæting breytist, seinkomur, fjarvistir og veikindi aukast.
- Sinnuleysi gagnvart náminu.
- Barnið forðast ákveðnar aðstæður í skólanum t.d. leikfimi og sund.
- Barnið einangrar sig frá skólafélögum.

Á heimili

- Barnið neitar að fara í skólann.
- Barnið hræðist að fara eitt í og úr skóla, biður um fylgd og/eða fer aðra leið en vanalega.
- Barnið fer fyrr eða seinna af stað í skólann en venjulega.
- Barnið einangrar sig frá öðrum í fjölskyldunni.
- Barnið týnir peningum og/eða öðrum eigum.
- Barnið neitar að leika sér úti eftir skóla og/eða að taka þátt í félagsstarfi.
- Barnið byrjar að leggja önnur börn eða systkini í einelti.

Forvarnarstarf gegn einelti

Til að vinna markvisst að forvörnum gegn einelti þarf gott samstarf heimilis og skóla. Miðlun góðra lífsgilda, regluleg fræðsla og umræður um jákvæð samskipti, einelti og afleiðingar þess eru nauðsynlegar. Allir þurfa að deila ábyrgð og láta sig varða líðan annarra.

Helstu forvarnir Kársnesskóla gegn einelti

- Fræðsla í hverjum bekk um einelti og rétt hvers nemanda til að vera hann sjálfur.
- Skólinn styðst við Uppeldi til ábyrgðar.
- Bekkjarsáttmáli er gerður í öllum bekkjum skólans.
- Vinaliðaverkefni, nemendur á yngsta- og miðstigi sjá um leiki í frímínútum.
- Vináttuverkefni Barnaheilla
- Lögð er fyrir eineltiskönnun einu sinni á ári.
- Niðurstöður Skólapúlsins eru skoðaðar mánaðarlega.
- Tengslakönnun er lögð fyrir alla nemendur einu sinni á ári, oftast í ákveðnum nemendahópum ef þörf krefur.
- Virk gæsla í frímínútum, íþróttamannvirkjum og í ferðalögum á vegum skólans.
- Vinadagar tvisvar á ári.
- Dagur gegn einelti, árlegt samstarfsverkefni.
- Nýir nemendur fá sérstakar móttökur, viðtal hjá námsráðgjafa sem fylgir þeim eftir sem þurfa þykir.
- Fræðsla fyrir nemendur frá kennurum og/eða utanaðkomandi aðila.
- Góð samvinna við heimilin.

- Gott upplýsingastreymi frá skólanum til heimilis um líðan nemanda.
- Gott aðgengi að stjórnendum, kennurum og námsráðgjafa skólans.